

Alþingi
Erindi nr. P 130/1498
komudagur 24. 3. 2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Félagsmálanefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 23. mars 2004

Efni: Þingsályktunartillaga um formlegt samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, 268. mál, þskj. 301.

Samtökum atvinnulífsins hefur boriðst til umsagnar tillaga til þingsályktunar um formlegt samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum.

Í greinargerð með þingsályktunartillögum kemur fram að ýmis þjónusta innan velferðakerfisins, í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, dreifist milli ríkis, sveitarfélaga og ýmissa félagsamtaka. Jafnframt kemur fram að núverandi kerfi sé flókið, óskilvirkt og ógegnsætt með þeim afleiðingum að fjármunir nýtist illa.

Þjónusta velferðakerfisins grundvallast á lögum um almannatryggingar (nr. 117/1993), lögum um félagslega þjónustu (nr. 118/1993) og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (40/1991) þannig að margir koma að málaflöknum.

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að markvisst sé unnið að aukinni skilvirkni í opinberum rekstri. Svo virðist háttá til að unnt sé að einfalda lagaframkvæmd á framangreindum sviðum. Samtök atvinnulífsins geta því tekið undir að kannaðir verði kostir þess að koma á auknu samstarfi milli þeirra rekstraraðila sem bera ábyrgð þjónustu velferðakerfisins.

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri